Við undirskrifaðir, jeg Jakob prestur Benidiktsson á Hallfreðarstað sem seljandi og jeg Þorvaldur bóndi Arason á Víðimýri sem kaupandi; höfum í dag gjört svofelldan ~~samning~~ Kaupsamning.

1 Það sem selt er, er eignarjörð mín, Jakobs Benidiktssonar, Víðimýri að dýrleika 50.3 hdr eptir jarðabókinni frá 1861, ásamt hjáleigunni Álptagerði að dýrleika 10 hdr. og kirkjujörðinni Kirkjuhól 8.5 hdr eptir sama mati; allar í Seiluhrepp innan Skagafjarðarsýslu. Kaupinu fylgir kirkjan á staðnum. Eign þessa sel jeg eins og jeg hef keypt hana með afsalsbrjefi Halldórs bónda Stefánssonar og ekkjunnar Ástríðar Sigurðardóttur frá 1883 með öllu sem henni fylgir og fylgt hefir, þar með talinn reki á Skaga (sbr. nefnt kaupbrjef). Í kaupinu eru öll þau hús, sem á heimajörðinni eru í því ásigkomulagi, sem þau svo eru í; og á kirkjujörðinni og hjáleigunni eru í kaupinu þau hús, sem fylgt hafa jörðunum, og úttektar bækur greina, með fullu álagi frá ábúendum. Kaupinu fylgja einnig 4 kúgildi, sem heimajörðinni fylgja, og eitt kúgildi á hvorri hinni jörðinni, alls 6 kúgildi. Í kúgildum á heimajörðinni eru hin svo nefndu kirkjukúgildi og ber að gjalda eptir þau 6 fjórð. smjörs til prestsins í Glaumbæ.

2. Kaupverðið er 10100 – tíu þús. eitt hundr. – krónur, og skal kaupandi standa skil á því þannig, að hann

a tekur að sér eða greiðir skuld þá með 1. veðrétti í jörðinni er liggur á henni til landssjóðs að upphæð . . . . . . K 2400 –
b sömuleiðis skuld þá með 1. veðrétti í jörðinni er hvílir á henni til Jóns Sigurðssonar legats að upphæð . . . . . 600 –
c porzjón kirkjunnar innistandandi hjá seljanda . . . . . . 3201.44
d greiðir í gjalddaga 6. júní 1896 í peningum . . . . . 2000. –
e eptirstöðvarnar greiðir hann með 5% vöxtum í peningum á gjalddaga 6. júní 1897 . . . . . . . . . . 1898.56

= K 10100. –

Fyrir eptirstöðvum kaupverðsins K 1898.56 ber honum (kaupanda) að gefa mér 2. veðrétt í jörðinni Víðimýri með hjáleigunni Álptagerði. Geti kaupandi ekki staðið í skilum á tilteknum tíma, geng jeg, seljandi, að henni seldu eign, jörðinni Víðimýri Álptagerði og Kirkjuhóli aptur sem átölulausri minni eign, mér að öllu fyrirhafnar- og kostnaðarlaust. –

3. Seljanda ber ad greida alla skatta og opinber gjöld af eigninni, er lokin skulu fyrir 30. júní þ.á.; þau gjöld, sem áfalla eptir þann tíma, skal kaupandi greida.

4. Kaupanda skal eigi heimilt ad ~~fá~~ heimta afsalsbréf fyrir eigninni fyrri enn hann hefur greitt hid umsamda verd ad fullu. Fyrri enn því sé lokid ad fullu, getur hann engum vedsett eignina.

Athugas. Porzíón kirkjunnar er 355 kr. 69 a. en af henni standa 350 kr. 25 a inni hjá kand. Jóni Jakobssyni, er kaupandi tekur sem sér afhentar af honum.

— u —

Rísi mál út af jardarsölu þessari, skal það sótt og varið í Seiluþinghá, þótt málsadilar séu búsettir annarsstadar og þeim eigi gefinn lengri stefnufrestur enn innanhreppsmanni. —

Vitundarvottar:
Björn Jónsson

Vidimýri 5. júní 1896
J. Benediktsson